

Samstarfshópur um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal

Vettvangsferð vegna hestaumferðar um svæðið við Stöng 17. ágúst 2021

Mættir: Fulltrúi Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar, og fjórir fulltrúar hestamanna.

Tilgangur vettvangsferðar var að skoða hvort færa ætti hestagötuna sem liggur nú niður brekku sunnan megin við Rauðaá vegna mögulegs jarðvegsrofs. Fulltrúar hittust á nýja bílastæðinu við Stöng og skoðuðu aðstæður. Niðurstaðan var sú að ekki væri æskilegt að færa reiðleiðina á veginn sem væri þá eina leiðin sem kæmi til greina ef færa þyrfti reiðleiðina. Núverandi hestagata hentar hestaumferð vel að sögn fulltrúa hestamanna. Þegar hestagata var skoðuð leit ekki út fyrir að hún væri að valda jarðvegsrofi eða skemmdum á gróðri í næsta nágrenni. Brekkan er núna orðin nokkuð falin í trjágróðri svo ekki er um neikvæða ásynnd á svæðinu að ræða.

Niðurstaða fulltrúa í vettvangsferð var að leggja til að reiðgatan yrði áfram á sama stað. Lagt var til að settar væru upp einfaldar girðingar fyrir ofan og neðan brekkuna til að tryggja að hrossin færu eina leið í gegnum trjálundinn sem umlykur brekkuna.